

## **Peningaþvætti og áreiðanleikakönnun**

Nokkur atriði til skýringar á kröfum til milligönguaðila vegna peningaþvættis og áreiðanleikakönnunar

1. Milligönguaðili skal framkvæma áreiðanleikakönnun þar sem leitt er í ljós hver er raunverulegur eigandi og um uppruna þess fjár sem tekur þátt í útboði Seðlabankans. Áreiðanleikakönnun skal framkvæmd í samræmi við lög nr. 64/2006. Um nánari upplýsingar um framkvæmd áreiðanleikakönnunar og skilgreiningu á raunverulegum eiganda er til viðbótar við tilvitnuð lög vísað til tilmæla FATF (<http://www.fatf-gafi.org/media/fatf/documents/FATF%20Standards%20-%2040%20Recommendations%20rc.pdf>).

2. Milligönguaðili getur í stað þess að framkvæma sjálfur áreiðanleikakönnun treyst á upplýsingar frá þriðja aðila. Ef treyst er á upplýsingar frá þriðja aðila skal milligönguaðili:

- a. Fá nauðsynlegar og áreiðanlegar upplýsingar um hvernig sá aðili stendur að áreiðanleikakönnun viðskiptamanna.
- b. Gera fullnægjandi ráðstafanir til að fullvissa sig um að afrit af viðeigandi skjölum sem sanna deili á viðskiptamanni og öðrum skjölum áreiðanleikakönnunar verði látin í té án tafar sé þess óskað.
- c. Fullvissa sig um að þriðji aðili fullnægi kröfum sem eru sambærilegar við þær sem gerðar eru í lögum nr. 64/2006, lúti eftirliti sambærilegu við eftirlit með íslenskum fjármálafyrirtækjum og hafi starfsreglur og starfsaðferðir í samræmi við tilmæli FATF.
- d. Tryggja að þriðji aðili uppfylli skyldur sínar og gera um það skriflegan samning þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd upplýsingagjafarinnar.

3. Þau gögn sem milligönguaðili þarf að skila eigi síðar en kl. 15:00 þann 20. júní eru:

- a. Yfirlýsing um að hann hafi upplýsingar um raunverulegan eiganda og uppruna fjár
- b. Yfirlýsing um að raunverulegur eigandi fjármunanna sæti ekki þvingunaraðgerðum skv. lögum um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir.
- c. Lista með nöfnum raunverulegra eiganda og ef við á hvaða lögaðila þeir tengjast.

4. Þau gögn sem milligönguaðili þarf að geta og verið reiðubúinn að afhenda ef Seðlabankinn óskar eru:

- a. Nákvæm lýsing á framkvæmd áreiðanleikakönnunar – ef treyst er á upplýsingar frá þriðja aðila þá upplýsingar um með hvaða hætti hann framkvæmdi áreiðanleikakönnun
- b. Afrit af viðeigandi gögnum (eigin eða þriðja aðila) sem staðfesta hver er raunverulegur eigandi og hvernig áreiðanleikakönnun hans var framkvæmd

## **Spurningar og svör**

**Q: Í 9. gr. útboðsskilmála kemur m.a. fram að milligönguaðilar skulu kanna og safna upplýsingum um raunverulegan eiganda og uppruna fjármagns að baki hverju tilboði í samræmi við 2. og 3. kafla laga nr. 64/2006. Þá segir í ákvæðinu að milligönguaðili skuli, án**

tafar, afhenda Seðlabankanum afrit af viðeigandi skjölum sem sanna deili á viðskiptamanni og öðrum skjölum áreiðanleikakönnunar, sé þess óskað.

**Fullnægir það kröfum 9. gr. útboðsskilmála Seðlabankans að milligönguaðili kanni og safni milliliðalaust upplýsingum um raunverulegan eiganda og uppruna fjármagns að baki hverju tilboði en reiði sig að öðru leyti á gögnum sem erlend fjármálafyrirtæki útvega milligönguaðilanum sem hin erlendu fjármálafyrirtæki hafa þá þegar aflað við áreiðanleikakönnun þeirra á hinum raunverulegu eigendum?**

**A:** Þetta uppfyllir þær kröfur sem Sí fer fram á að því tilskyldu að milligönguaðilinn geti afhent gögn frá hinum erlendu fjármálafyrirtækjum sem sýna fram á hvernig áreiðanleikakönnun var framkvæmd í hverju tilviki fyrir sig, þ.á.m. hvernig raunverulegur eigandi og uppruni fjármagns var staðfest.

**Q: Fram kemur að milligönguaðili skuli framkvæma áreiðanleikakönnun þar sem leitt er í ljós hver er raunverulegur eigandi og um uppruna þess fjár sem tekur þátt í útboði Seðlabankans. Er hér vísað til raunverulegs eiganda, skv. 2. tl. 5. gr. laga nr. 64/2006, sbr. skilgreiningu 4. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 64/2006? Eða er markmiðið að afla upplýsinga um það hvort viðskiptin fari raunverulega fram í þágu þriðja manns, sbr. 5. tl. 5. gr. laganna?**

**A:** Upplýsa þarf um raunverulegan eiganda, þ. e. þann aðila sem á þá fjármuni sem um ræðir hvort sem hann kemur sjálfur fram eða þriðji aðili fyrir hans hönd. Sjá m.a. 10. tilmæli FATF [http://www.fatf-gafi.org/media/fatf/documents/recommendations/pdfs/FATF\\_Recommendations.pdf](http://www.fatf-gafi.org/media/fatf/documents/recommendations/pdfs/FATF_Recommendations.pdf)

**Q: Hvaða kröfur eru gerðar til upplýsinga um uppruna þess fjár sem tekur þátt í útboðinu? Er fullnægjandi að afla svara þátttakenda þar að lútandi, eða eru gerðar kröfur til þess að afla sé staðfestingar á veittum svörum?**

**A:** Almennt væri fullnægjandi að fá skýr og trúverðug svör frá aðilum. Leiki grunur á réttmæti svaranna þarf að afla gagna sem sýna með fullnægjandi hætti uppruna fjármunanna.

**Q: Ef spurningunni næst að ofan er svarað játandi: Hvaða gögn og/eða upplýsingar myndu teljast fullnægjandi, til staðfestingar á veittum svörum um uppruna fjármuna?**

**A:** Þau gögn sem milligönguaðili telur fullnægjandi þegar hann framkvæmir áreiðanleikakönnun, þ.e. þau gögn sem milligönguaðili telur veita sér fullvissu um réttmæti upplýsinganna. Gögnin geta verið mismunandi en þurfa að mynda óslitna keðju frá uppruna fjárins. Gætu verið millifærslur, samningar o. þ. h.

**Q: Skv. 15. gr. laga nr. 64/2006 lúta þeir aðilar, sem þar eru taldir upp í a. – c.-lið 1. mgr. ákvæðisins, einfaldaðri áreiðanleikakönnun. Skv. 2. mgr. gilda ákvæði 5. og 6. gr. laganna ekki við einfaldaða áreiðanleikakönnun og ber því t.a.m. ekki að afla upplýsinga um raunverulegan eiganda né láta viðskiptamann sanna á sér deili. Er milligönguaðilum heimilt að láta þá þátttakendur, sem þeir hafa aflað fullnægjandi upplýsinga um að falli undir a., b. eða c.- lið 1. mgr. 15. gr., lúta einfaldaðri áreiðanleikakönnun?**

**A:** Já, ef fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um að þeir aðilar sem nefndir eru í a, b og c lið 15. gr. eru raunverulegir eigendur fjármunanna en ekki milligönguaðilar eða taka þátt í viðskiptunum með einhverjum hætti fyrir hönd þriðja aðila - er heimilt að beita einfaldaðri áreiðanleikakönnun.

Þar sem um undantekningareglu er að ræða ber að túlka hana þröngt. Ávallt skulu liggja fyrir upplýsingar um nafn einstaklings eða lögaðila, kennitala og heimilisfang